



## Fundargerð:

**Fundur var haldinn í stjórn SSA miðvikud. 8. des. 2010. Hófst með samráðsfundi með fulltr. stoðstofnana kl. 09:30. Fundarstaður: Hótel Hérað, Egilsstöðum (B-salur).**

Fundinn sátu: Valdimar O. Hermannsson, Páll Baldursson, Gauti Jóhannesson, Þórunn Egilsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigrún Blöndal og Stefán Bogi Sveinsson. Einnig sat fundinn Bj. Hafþór Guðmundsson, frkvstj. SSA, sem ritaði fundargerð. Valdimar stýrði fundi.

### Dagskrá:

1. Sameiginlegur fundur stjórnar SSA og forsvarsmanna stoðstofnana.  
Pennan hluta fundarins sátu, auk stjórnar SSA (sjá hér að ofan):  
Frá Markaðsstofu Austurlands: Skúli Björn Gunnarsson og Gunnlaugur Jónasson.  
Frá Ferðamálasamtökum Austurlands: Skúli Björn Gunnarsson.  
Frá Menningarráði Austurlands: Hafliði H. Hafliðason.  
Frá Þróunarfélagi Austurlands: Auður Anna Ingólfssd. og Hafliði H. Hafliðason.  
Frá Atvinnuþróunarsj. Austurlands: Lars Gunnarsson og Hafliði H. Hafliðason.  
Frá Þekkingarneti Austurlands: Stefanía G. Kristinsdóttir.  
Fulltrúar SSA í starfshópi um verkefnið; „SSA og stoðstofnanir“: Páll Björgvin Guðmundsson og Björn Ingimarsson, en auk þeirra á Arnbjörg Sveinsdóttir, stjórnarmaður í SSA, sæti í honum.
  - a) Í upphafi var stutt kynning á verkefninu.
  - b) Kl. 09:50 hófst framsaga fulltrúa þriggja annarra landshlutasamtaka, en óskað hafði verið eftir framlagi þeirra í framhaldi af undirbúningsfundi fulltrúa SSA í verkefninu og fundum form. og frkvstj. með fulltrúum stoðstofnana.  
Í símasambandi við fundinn voru:  
Frá SSNV: Jón Óskar Pétursson.  
Frá SSV: Hrefna B. Jónsdóttir og Ólafur Sveinsson.  
Frá SASS: Þorvarður Hjaltason.  
Fluttu þau ítarlega kynningu á fyrirkomulagi á hverju framangreindra svæða fyrir sig, þar sem m.a. kom fram hvaða stofnanir eiga samstarf / samvinnu, hvar aðalstöðvar eru, hvernig störf dreifast út í byggðarlögin eftir verkefnum, hver reynsla er af samstarfinu, hvað kemur vel út og hvað betur mætti fara  
Að loknum framsögum, sem frkvstj. mun hlutast til um að framsögumenn sendi á skrifstofu SSA til að nýta megi þær sem undirgögn í vinnu starfshópsins var opnað á fyrirspurnir til gesta fundarins, auk þess sem fundarmenn höfðu átt þess kost að spyrja beint undir framsögum. Gerðu viðstaddir góðan róm að kynningunni og voru framsögumönnum færðar þakkir fyrir framlag þeirra.
  - c) Kynning á starfi einstakra stoðstofnana. Eftirtaldir voru með kynningu:  
Skúli Björn Gunnarsson fyrir Markaðsstofu Austurl. og Ferðamálasamtökin.  
Hafliði H. Hafliðason fyrir Menningarráðið.  
Hafliði H. Hafliðason f. Þróunarfél., Vaxtarsamn. og Atvinnuþr.sj. (að hluta).  
Lars Gunnarsson fyrir Atvinnuþróunarsjóðinn (að hluta). Auk þess hvatti Auður Anna Ingólfssdóttir viðstadda til að standa saman um sjóðinn og rifjaði upp ýmis verkefni sem stjórn hans hefði látið til sín taka.  
Stefanía G. Kristinsdóttir fyrir Þekkingarnet Austurlands.  
Að loknum framsögum og samhliða þeim komu fram ýmsar fyrirspurnir.

- d) Minnt var á samantekt sem unnin var nýlega um stoðstofnanir og SSA, er varða rekstur, mannahald o.fl.
- e) Umræður og fyrirspurnir um liði 3. – 4. Til máls tóku:  
Arnbjörg Sveinsdóttir, sem ræddi aðkomu landshlutasamtaka sveitarfélaga og hlutverk þeirra í þeirri endurskoðun og samþættingu, sem nú á sér stað, m.a. á vegum framkvæmda- og löggjafarvalds.  
Valdimar O. Hermannsson sem gerði grein fyrir ýmsum atriðum, er fram koma í minnisblaði hans og frkvstj. í kjölfar suðurferðar þeirra í byrjun des.  
Skúli Björn Gunnarsson minnti á að „ferðageirinn“ hafði sérstaklega óskað eftir því að koma að vinnu við verkefnið á nýjan leik og taldi að nú væri leikur á borði til að sinna skapandi hugsun á vegum stofnana á svæðinu.
- f) Ákvörðun um næsta fund og fyrirkomulag.  
Ákveðið að hafa næsta fund í upphafi árs 2011 og að hann verði „snertifundur“. Að öðru leyti verði fyrirkomulag þróað manna í millum við undirbúning fundarins.
- g) Um kl. 12:30 frestaði form. SSA fundinum og þakkaði forsvarsmönnum framangr. stoðstofnana fyrir framlag þeirra til fundarins  
Síðan var stjórnarfundur frestað meðan snæddur var hádegisverður.  
Fundur fram haldið kl. 13:15.
2. Samant. um stoðstofnanir, fjármögnun þeirra o.fl. Lagt fram til kynningar.
3. Árgjöld sveitarfélaga til SSA árið 2011. Útreikningar frkvstj. höfðu fylgt með í fundarboði, en þeir hafa verið sendir aðildarsveitarfélögum og engar aths. borizt. Lagt fram til kynningar.
4. Fundargerðir SSA:  
a) Stjórn SSA 27. okt. 2010. Fundargerðin staðfest.  
b) Stýrih. v/ flutn. á málefnum fatlaðra 15. nóv 2010. (Fulltr. SSA sitja í umr. hópi).  
Frkvstj. gerði grein fyrir þeim þáttum málsins, sem eru mjög að nálgast ákvarðanatöku; n.t.t. á aðalfundi Skólaskrifstofu Austurlands 17. des. 2010.  
Einnig var lögð fram fundargerð frá 29. nóv. 2010 v/ sama verkefni. Báðar fundarg. lagðar fram til kynningar. Stjórn SSA þakkar öllum, sem lagt hafa hönd á plóginn í ferli því, sem staðið hefur yfir undanfarin misseri til undirbúnings verkefnisins hér eystra.
5. Frá landshlutasamtökum sveitarfélaga (LHSS):  
a) Stjórn SASS 12. nóv. 2010. Fundargerðin lögð fram til kynningar.  
b) Stjórn SSNV 9. nóv. 2010. Fundargerðin lögð fram til kynningar.  
c) Stjórn Eyþings 26. okt. 2010. Spurzt fyrir um umsögn af hálfu SSA um 78. mál (frv. til laga um mannvirki), sbr. fundargerð stjórnar Eyþings. Frkvstj. mun kanna málið. Fundargerðin lögð fram til kynningar.  
d) Bókun aðalf. SSH 12. nóv. 2010 v/ fjárhagsáætlana sv.fél. Lögð fram til kynn.
6. Frá Samb. ísl. sveitarfélaga:  
a) Fundargerð stjórnar 29. okt. 2010 (780. fundur).  
b) Fundargerð stjórnar 10. nóv. 2010 (781. fundur). Lagðar fram til kynningar.  
c) Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn á vegum Samb. ísl. sveitarfélaga. Ákveðið var að fara fram á það að bæði námskeiðin, sem boðuð hafa verið, verði haldin samhliða yfir eina helgi hér eystra. Æskileg tímasetn. er eftir miðjan feb. 2011.
7. Erindi og bréf:  
a) UMÍS ehf. Environice dags. 4. okt. 2010. Lagt fram til kynningar.  
b) Stjórn Héraðsskjalasafns Austurlands, dags. 8. nóv. 2010. Lagt fram til kynn.
8. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Fundur í REK 3. des. 2010. Kemur fram í minnispunktum, sem lágu fyrir fundinum, sbr. lið 13 hér að aftan.

9. Verkefnið „Austfirzk eining“. (Sjá einnig minnispunkta, sem lagðir voru fram undir lið 13 hér að aftan). Fjallað um upphaf verkefnisins.
10. Flutningur málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Sjá lið 4 b) hér að framan.
11. Menningarsamningur, staða mála. Vísað til umfjöllunar um lið 13 hér að aftan.
12. Kosningar:
  - a) Náttúruverndarnefnd, sbr. 11. gr. laga nr. 44/1999.

Tillaga kom fram um að kjósa eftirt. í 7 manna náttúruverndarnefnd á starfssvæði SSA, en SSA hefur tekið yfir hlutverk Héraðsnefndar Múlasýslna:

<u>Aðalmenn</u>	<u>Varamenn</u>
Stefán Bogi Sveinsson, Fljótsdalshéraði	Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Fljótsdal
Sigrún Blöndal, Fljótsdalshéraði	Jón Þórðarson, Borgarfirði
Arnbjörg Sveinsdóttir, Seyðisfirði	Ólafur Hr. Sigurðsson, Seyðisfirði
Þórunn Egilsdóttir, Vopnafirði	Guðrún Anna Guðnad., Vopnafirði
Valdimar O. Hermannsson, Fjarðabyggð	Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð
Páll Baldursson, Breiðdalsvík	Unnur Björgvinsdóttir, Breiðdalsvík
Gauti Jóhannesson, Djúpavogi	Andrés Skúlason, Djúpavogi

Tillagan borin upp og hún samþ. samhljóða.
13. Samþ. frá 44. aðalfundi SSA, 24. & 25. sept. 2010. Hvernig með farið. Fyrir fundinum lá m.a. minnisblað form. og framkv.stj. frá ferð þeirra til REK 1.-3. des. s.l., sbr. einnig sambærilegt minnisblað er lá fyrir á fundi stjórnar SSA 27. okt. Auk þess voru undir þessum lið tekin fyrir minnisblöð frá fundi VOH og BHG í samgönguráðuneytinu 3. des. um almenningssamgöngur og frá fundi VOH og BHG með forsvarsmönnum Isavia á Egilsstaðaflugvelli 26. nóv. 2010. Farið var nokkuð ítarlega yfir efni minnisblaðanna og skýrðu form. og frkvstj. innihaldið og svöruðu fyrirspurnum.
14. Skýrsla framkvæmdastjóra:
  - a) Borizt hefur erindi frá lögfræðisviði Samb. ísl. sveitarfélaga dags. 6. des. 2010. Varðar texta 97. gr. um landshlutasamtök sveitarfélaga í frv. til laga um endursk. sveitarstjórnarlög. Lagafrv.ákvæðið er svohljóðandi:

*„Sveitarfélögum er heimilt að starfa saman innan staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna í hverjum landshluta. Landshlutasamtök eru hagsmunasamtök og teljast ekki stjórnvöld. Starfssvæði landshlutasamtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu. Sveitarfélögum sem liggja innan starfssvæðis landshlutasamtaka skal heimilt að eiga aðild að þeim. Stjórnvöld ríkisins geta með samningum eða skv. heimildum í sérlögum falið landshlutasamtökum verkefni eða aðra starfsemi sem ekki felur í sér beitingu stjórnisýsluvalds og tengist hlutverki þeirra skv. 1. mgr., s.s. vegna byggðapróunar“.*

Stjórn SSA felur form. og frkvstj. að ganga frá umsögn.
  - b) Kynnt svohljóðandi bókun bæjastjórnar Fljótsdalshéraðs 1. des. 2010 eftir umfjöllun hennar um málþing á vegum UÍA o.fl. í Neskaupstað 12. nóv. 2010:

*„Bæjarstjórn fagnar hugmyndum um sameiginlegt ungmennaráð fyrir Austurland, en þannig munu raddir ungmenna fjórðungsins ná betur inn í stjórnisýslu sveitarfélaganna á svæðinu. Einnig fá þau þar tækifæri til að læra að vinna skipulega að sínum málum innan stjórnkerfisins“.*

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið kl. 14:35.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.